

## 7. fundur stjórnar AP, starfsárið 2015-2016

haldinn í Öxi á Kópaskeri mánudaginn 14. mars 2016 kl. 15:00

Mætt: Aðalsteinn Árni Baldursson, Arnar Guðmundsson, Björn Víkingur Björnsson, Elías Pétursson og Sif Jóhannesdóttir. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður, Sif Jóhannesdóttir setti fund og stjórnaði honum.

### Á fundi gerðist þetta:

#### 1. „Öxarfjörður í sókn“

Silja Jóhannesdóttir verkefnisstjóri kynnti verkefnið sem er hluti byggðaeftlingarverkefnisins „Brothættar byggðir“. Samþykkt var í des. sl. að Kópasker og Öxarfjarðarhérað yrði þátttakandi í verkefninu og var gengið frá samningi milli Byggðastofnunar, Norðurþings, atvinnuþróunarfélags og Eyþings þar um. Í verkefnisstjórn eru fulltrúar framangreindra stofanna ásamt tveimur fulltrúum íbúa, þau Karin Charlotta V Englund og Stefán Grímsson. Formleg vinna hóft með íbúafundi sem haldið var í Lundi helgina 16. -17. janúar. Þingið var vel sótt og alls mættu til þátttöku rúmlega 50 manns. Megin tilgangur þingsins var að fá fram áhersluatriði íbúa varðandi þau verkefni sem brýnast væri að vinna. Megin þunginn í því sem fram kom skiptist annars vegar í nauðsyn uppbyggingar innviða samfélagsins, bæði hvað varðar samgöngur, raforkukerfi og fjarskipti og gagnaflutninga, en einnig varðandi ýmsa grunnþjónustu, ríkis, sveitarfélags og fyrirætkja. Hins vegar var mikil áhersla á frekari matvælaframleiðslu og úrvinnslu þeirra, m.a. með nýtingu jarðvarma sem er verðmæt auðlind á svæðinu. Verkefnisstjórn ásamt verkefnisstjóra mun nú vinna úr áherslum íbúafundingsins og setja fram tillögu að aðgerðaáætlun sem kynnt verður á íbúafundi sem áætlað er að halda í apríl.

Stjórnin þakkar Silju greinargóða kynningu á verkefninu og telur það góðan farveg til eftlingar byggðarinnar í héraðinu. Jafnframt telur stjórnin mikilvægt að vinna það eins og unnt er með samskonar verkefni sem unnið er á Raufarhöfn enda eiga byggðarlögin mikla sameiginlega hagsmuni.

#### 2. Vorfundur þróunarfélaganna og ársfundur Byggðastofnunar

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að árlegur vorfundur atvinnuþróunarfélaganna og Byggðastofnunar yrði haldinn 14. apríl og ársfundur Byggðastofnunar daginn eftir.

Gert er ráð fyrir að starfsmenn félagsins og stjórnarformaður sæki fundina.

#### 3. Kynnisferð atvinnuþróunarfélaganna og Byggðastofnunar til Skotlands

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fyrirhugaðri kynnisferð atvinnuþróunarfélaganna til Skotlands 24. – 27. maí nk. undir forystu Byggðastofnunar. Farið verður í heimsóknir til Highlands and Islands Enterprise sem er atvinnuþróunarfélag, University of the Highlands and Islands og til skosku heimastjórnarinnar. Byggðastofnun styrkir félögin til ferðarinnar. Lögð fram áætlun um kostnað miðað við að allir starfsmenn félagsins fari í ferðina.

Stjórnin samþykkir að starfsmenn fari umrædda ferð á grundvelli þeirra upplýsinga sem kynntar voru.

#### 4. Önnur mál

- a) Stefnt að aðalfundi 8. apríl nk. og framkvæmdastjóra falið að undirbúa það.
- b) Rætt um efni málþings í tengslum við aðalfundinn og samþykkt að stefna að umfjöllun um jarðhitaauðlindir við Öxarfjörð og fjölnýtingu jarðhita. Framkvæmdastjóra falið að fá tvo framsögumenn um efnið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:15

Að fundi loknum var farið í kynnisferð um sláturhús og kjötvinnslu Fjallalambis í fylgd framkvæmdastjóra, Björns Víkings Björnssonar.